

ÁRSSKÝRSLA

MYNDLISTASKÓLINN

2016

Í

REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík

[www.mir.is](http://www.mir.is)

[www.facebook.com/myndlistaskolinn](https://www.facebook.com/myndlistaskolinn)

Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius

Myndir: Ýmsir

Prentun: GuðjónÓ

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Kápuhönnun: GUNMAD

Mynd á annari opnu: Frá sumarnámskeiði fyrir 6-9 ára.

Kennari Margrét M. Norðdahl.

Útgefið í maí 2017

## Ávarp skólastjóra

Árið 2016 var ár breytinga í Myndlistaskólanum í Reykjavík eins og flest önnur ár. Í ágúst var hrundið af stokkunum nýrri tveggja ára námsbraut í málalíst og fór hún vel af stað. Brautin hvílir að sjálfsgöðu á styrkum stoðum þar sem málalíst hefur verið kennd á námskeiðum allar götur frá því að skólinn var stofnaður fyrir 70 árum síðan. Sjö einstaklingar og félög styrkja námsbrautina með fjárhæð sem gerir rekturinn mögulegan en eingöngu fyrstu tvö árin. Framundan er því vinna við að festa brautina í sessi. Á árinu 2016 var gríðarleg vinna lögð í að ná betri samningum um keramik, teikningu og textíl sem hingað til hafa verið hluti af Tækniskólanum þó kennslan hafi farið fram í Myndlistaskólanum. Til þess þurfti skólinn að fá viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi með leyfi til að útskrifa nemendur með námslok á 4. þrepi. Staðfesting ráðherra á námsbrautarlýsingu fyrir málalíst var mikilvægt skref í þá átt. Nú hefur sú ákvörðun verið tekin í ráðuneytinu að semja beint við skólann um kennslu á þessum þremur brautum og vonandi verður samningurinn undirritaður fyrir sumarleyfi. Ráðuneytið er líka að undirbúa innleiðingu nýs skólastigs, fagháskóla, sem mun ná til náms á 4. þrepi en brautir í keramíki, málalíst, teikningu og textíl eru einmitt á því þrepi. Myndlistaskólinn verður að öllum líkindum meðal fyrstu skóla til að mega nota þá skilgreiningu þar sem námseiningar á þessum brautum hafa verið formlega viðurkenndar sem nám á háskólastigi af erlendum samstarfsháskóla.

Áfram hefur verið unnið að því að bæta húsnæði skólans og aðstöðu en annað árið í röð fékk skólinn góðan dóm, án athugasemda, bæði frá heilbrigðiseftirliti og brunaeftirliti. Ennfremur gerðist það í fyrsta sinn að nemendur í sjónlistadeild gerðu enga athugasemd við aðstöðu og húsnæði í kennslumatskönnunum sem lagðar voru fyrir þá nú á vordögum 2017. Það var alveg sérlega ánægjulegt.

Fyrst minnst er á húsnæði þá hefur það verið ljóst frá því að JL holding keypti 1., 4. og 5. hæðir hússins að félagið hefði líka áhuga á að eignast hæðir skólans. Sú hugmynd hefur kviknað hjá eigendum félagsins að byggja yfir skólann og hafa svo makaskipti á eignum þegar nýtt hús er risið. Ekki hefur verið gengið formlega frá neinum samningum en lóð hefur verið tekin frá á Grandanum og er verið að vinna í því að afla leyfa og þessháttar til að hefja framkvæmdir fyrir alvöru. Stjórnir skólans og skólafélagsins taka afstöðu til þessarar hugmynda þegar skriflegt erindi berst en stjórnendur skólans eru mjög vel meðvitaðir um þau miklu verðmæti sem þeir hafa í höndunum og munu ekki taka neina óþarfa áhættu með skólann.

En vissulega gæti verið spennandi að fá nýtt húsnæði, sérhannað undir starfsemi skólans.

Í formála að síðustu ársskýrslu kom fram að Inga S Ragnarsdóttir myndlistarmaður og Kristín Guðnadóttir listfræðingur væru að skrifa sögu útsýninganna á Skólavörðuholti sem voru skólasýningar Myndlistaskólans í Reykjavík. Þeirri vinnu hefur miðað mjög vel áfram og nú er ljóst að bókinn *Minning um myndlist* kemur út 4. september næstkomandi en fyrsta sýningin var einmitt opnuð á þeim degi fyrir 50 árum. Í bókinni verður kafli um sögu skólans sem er vel við hæfi á 70. afmælisári hans.

Ennfremur er mér sönn ánægja að geta þess að kápa þessarar skýrslu og fyrirsgnir eru hluti af nýju grafísku útliti sem ákveðið var að láta hanna fyrir skólann í tilefni afmælisins. Það hefur smátt og smátt verið að líta dagsins ljós en nú á vordögum 2017 fær það í fyrsta sinn virkilega að njóta sín. Guðmundur Úlfarsson og Mads Freund Brunse sem saman mynda hönnunarteymið GUNMAD eiga heiðurinn af hönnuninni en þeir hafa endurgert lógíð og búið til sérstaka leturtypu fyrir skólann. Allt kynningarefni sem útbúið var í sambandið við vorsýningu skólans er unnið af þeim og nýr vefur fer í loftið fyrir skólabyrjun í haust.

Áslaug Thorlacius

EFNISYFIRLIT:

SKÝRSLA STJÓRNAR SJÁLFEIGNARSTOFNUNNAR . . . . .	6
NÁMSRÁÐGJÖF . . . . .	9
BÓKASAFN . . . . .	9
MENNTAÁÆTLUN . . . . .	8
BARNA- OG UNGLINGAÐEILD . . . . .	10
ALMENN NÁMSKEIÐ . . . . .	15
STARFSFÓLK OG SKIPURIT . . . . .	16
SJÓNLIST . . . . .	17
LISTNÁMSDEILD . . . . .	20
DIPLÓMAÐEILDIR . . . . .	22
MÁLARALIST . . . . .	22
MÓTU LEIR OG TENGD EFNI . . . . .	24
TEIKNING . . . . .	26
TEXTÍLL . . . . .	28
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR . . . . .	30
BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR . . . . .	32
FÉLAGATAL . . . . .	33





## SKÝRSLA STJÓRNAR

Boðað var til aðalfundar Myndlistaskólans í Reykjavík 21. mars 2016 en þar sem skólastjóri lá í flensu var honum frestað. Hann var síðan haldinn 17. maí. Fyrir utan að sinna hefðbundnum aðalfundarstörfum skoðuðu fundarmenn vorsýningu skólans sem þá stóð yfir í húsnæði skólans og hlýddu á kynningu Frímans Freys Kjerúlf á námsefni í stærðfræði fyrir listnámsbraut sem hann er að búa til með styrk sem skólinn hlaut úr Þróunarsjóði námsgagna. Á fundinum var kosið í stjórn Félags Myndlista-skólans og stjórn skólans. Kristinn G. Harðarson gaf ekki kost á sér áfram í stjórn skólans þar sem hann hafði gegnt formennsku um árabíl. Guðjón Ketilsson bauð sig fram og hætti um leið í stjórn Félags Myndlistaskólans. Ingibjörg Jóhannsdóttir var kjörin inn í hans stað.

### Stjórn Félags Myndlistaskólans var því þannig skipuð að loknum fundi:

Elsa Dórothea Gísladóttir  
Eygló Harðardóttir  
Herdís Ellen Gunnarsdóttir  
Ingibjörg Jóhannsdóttir  
Kristín Reynisdóttir  
Ólöf Erla Bjarnadóttir  
Sólveig Aðalsteinsdóttir

Félagið stóð að vanda fyrir glæsilegu jólaboði sem var fjölmennara en nokkru sinni fyrr í sögu skólans en yfir 100 manns tóku þátt í borðhaldi þar sem fram voru borin hefðbundin lambalæri í leirkápu.

### Stjórn Myndlistaskólans ses var þannig skipuð að loknu aðalfundi:

Bjarki Bragason  
Brynhildur Pálsdóttir  
Guðjón Ketilsson  
Hildigunnur Birgisdóttir  
Margrét H Blöndal

Á fyrsta fundi eftir aðalfund tók Bjarki að sér formennsku. Hann var síðan ráðinn sem fagstjóri myndlistardeildar LHÍ og lét um leið af stjórnarstörfum fyrir Myndlistaskólann. Við formennsku tók Brynhildur Pálsdóttir. Stjórn skólans hélt 3 formlega fundi á árinu en átti auk þess samtal á netinu um ákveðin málefni. Meðal þess sem stjórn fjallaði um má nefna stefnu skólans, afmælisárið, útlit kynningarefnis og heimasíðu, húsnæðis- og starfsmannamál og stöðu einstaka deilda.

### SJÖTUGSAFMÆLISÁR HIÐ FYRRA

Félag íslenskra frístundamálara var stofnað árið 1946 en skólinn rekur rætur sínar til þess viðburðar. Árið var því að vissu leyti afmælisár þó svo kennsla hafi ekki hafist fyrr en haustið 1947. Minningarsjóður Ragnars Kjartanssonar fékk styrk til útgáfu bókar um útsýningarnar á Skólavörðuholti sem voru skólasýningar Myndlistaskólans. Kristín Guðnadóttir listfræðingur fékk lánuð gögn sem geyma sögu skólans en hún er ásamt Ingu S Ragnarsdóttur aðalhöfundur texta bókarinnar sem mun koma út á afmælisári skólans 2017. Aðrir í ritstjórn eru Áslaug Thorlaciusskólastjóri og Kristinn E Hrafnsson fyrir Myndhöggvarafélagið í Reykjavík. Bókin var kynnt gestum í jólaboði Myndlistaskólans.

Annar liður í því að minnst tímamótanna var að hrinda tveggja ára námsbraut í málaralist af stokkunum en skólinn var upphaflega stofnaður til þess að veita til sögn í málaralist. Fyrsti hópurinn hóf nám um haustið en undirbúningur hafði staðið um nokkurra mánaða skeið. Deildarstjóri er Jón B K Ransu sem jafnframt sá um undirbúning, skrifaði brautarlýsingu og skipulagði starfið. Ekki var sótt um styrk til ríkisins fyrir fyrstu tveimur árunum heldur er brautin rekin með styrk frá einstaklingum sem hafa áhuga á málaralist og skólagjöldum nemenda. Kostnaður við húsnæði og hlutdeild í skrifstofu er felldur niður en það er framlag skólans.

Vinna við nýtt útlit skólans hófst í upphafi árs en nýtt útlit er meðal þess sem gera á til að fagna afmæli skólans. Ný nemendaskírteini og nafnspjöld voru tekin í notkun á árinu 2016 en vinna við heimasíðu hefur tekið lengri tíma en áætlað var, fyrst og fremst vegna mikils verkefnaálags starfsmanna skólans.



## STARFSFÓLK

Baldur Björnsson hætti störfum á skrifstofu skólans í ársbyrjun en hann hafði þá verið í fæðingarorlofi um haustið. Margrét Birgisdóttir sem leyst hafði hann af hélt áfram í starfi. Starf deildarstjóra textíleiddar var auglýst laust til umsóknar um vorið og var Ragna Fróðadóttir ráðin í kjölfarið og tók við af Arnþrúði Ösp Karlsdóttur fyrir skólabyrjun um haustið. Hafdís Helgadóttir hætti störfum um haustið. Halldóra Ingimarsdóttir kom aftur til starfa að loknu námsleyfi og tók við starfi Hafdísar við nemendabókhald og vefsíðustjórn, auk þess sem hún sinnir markaðsstarfi fyrir skólann. Gunnhildur Helgadóttir hafði umsjón með keramikverkstæði á vorönn en hún flutti norður í land og á haustönn tók við hennar starfi Þuríður Ósk Smáradóttir.

Katrín Briem fyrrverandi skólastjóri Myndlistaskólans lést í september og var haldin minningarathöfn í Dómkirkjunni föstudaginn 23. september. Skrifstofa skólans var lokuð af tilefninu. Útför hennar var gerð frá Stóra-Núpi laugardaginn 24. september.

## SAMSTARF

Skólinn er með samstarfssamning við menntamálaráðuneytið um rekstur listnámsbrautar, undirbúningsnáms og stakra námskeiða á framhaldsskólastigi.

Samstarfssamningur Myndlistaskólans og Tækniskólans um rekstur diplómabrauta í keramíki, teikningu og textíl rann út í maílok 2016 og til þess að þrýsta á breytingar á því fyrirkomulagi framlengdu skólastjórar Myndlistaskólans og Tækniskólans samninginn einungis um hálf ár eða til áramóta 2016/17.

Skólinn hlaut viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi sem gildir um kennslu námsbrauta með námslok á þriðja þrepi – stúdentspróf. Í framhaldi af því að námsbraut í málalíst var samþykkt af menntamálastofnun var sótt um viðurkenningu sem gildir um kennslu námsbrauta með námslok á fjórða þrepi en svar við þeirri umsókn barst ekki á árinu.

Barna- og unglingsdeild gerir samstarfssamning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um námskeið fyrir börn og verkefni unnin með leik- og grunnskólum í borginni. Á haustönn 2016 tengdist leik- og grunnskólaverkefnið norrænu rannsóknarverkefni sem skólinn er þátttakandi í. Kulturprinsin í Viborg í Danmörku skipuleggur verkefnið sem miðar að því að auka þátttöku barna að 8 ára aldri í menningu og listum.

Skólinn tók að venju þátt í Myndlistarmaræðni Hins hússins og myndasögusamkeppni Borgarbókasafnsins með því að leggja til verðlaun – námskeið við skólann og jafnframt var fulltrúi skólans í dómnefnd vegna maraþonsins.

## HÚSNÆÐISMÁL

Hótel tók til starfa á 4. og 5. hæðum hússins á vormánuðum. Það var mikill léttir en breytingum á húsinu hafði fylgt mikið ónæði. Samkomulag innan húss hefur verið gott eftir að friður komst á.

Áfram var unnið að því að bæta og snyrta aðstöðuna í skólanum, t.d. voru endurnýjuð salerni og skipt um glugga á hluta 3. hæðar. Rýmingaráætlun var endurgerð í tengslum við breyttar flóttaleiðir en nýr brunastigi var reistur utan á vesturhluta hússins. Skólinn nýtir nú stiga sem áður var flóttaleið ofan af 4. hæð sem geymslu fyrir textíleild.

## ÝMIS VERKEFNI

Í upphafi árs 2016 lauk vinnu við að útbúa viðmið fyrir samræmt námsmat fyrir skólann. Viðmiðin eru aðgengileg á vefsíðu skólans og eiga við um allt nám sem formlegt mat er lagt á.

Nýr umsóknarvefur var tekinn í notkun hjá inna.is um vorið. Auglýst var eftir umsóknum í sjónlistadeild, keramikdeild, teiknadeild, textíleild og um nám á nýrri námsbraut í málalíst.

Inna.is var á haustönn í fyrsta sinn nýtt af öllum deildum nema barnadeild. Til að einfalda hlutina sá Myndlistaskólinn í fyrsta sinn sjálfur um innuna fyrir nemendur í diplómanámi þrátt fyrir samning um annað við Tækniskólann. Stundatöflur fyrir haustönn voru unnar í innu.

## TIL UPPLÝTINGAR

Fyrir utan jólaboðið og bollaspjöll á bókasafninu gerði starfsfólk skólans sér nokkuð til gamans á árinu. Farið var á sýningu Guðjóns Ketilssonar í Gallerí Gangi og í vinnustofuheimsókn til Kristínar Gunnlaugsdóttur. Fjölmenni mætti ennfremur á ráðstefnu og teiti Samtaka sjálfstæðra skóla í mars. Þegar hallaði að jólum var farið í heimsókn í Krydd- og tehúsið þar sem eigendur kynntu austurlenskar aðferðir við matseld.

Skólinn hlaut í byrjun desember Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtakanna Proskahjálpar fyrir tveggja ára nám í myndlist fyrir nemendur með þroskahömlun.

## DAGSETNINGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÓLASTARFINU 2016

- 4. janúar: Skólahald hófst eftir jólafrí
- 13. febrúar: Sýning Hreyfiprentstofunnar í Nýló þar sem nemendur í sjónlistadeild tóku þátt
- 19. febrúar: Opinn fyrirlestur kanadísku listakonunnar Sophie Labelle
- 23. febrúar: Kynning frá Nord Universitet í Steinkjer í Noregi
- 24. febrúar: Starfsdagur. Tiltekt í geymslum, kennslustofum og á skrifstofum. Deildarstjórar í keramíki, teikningu og textíl ásamt skólastjóra undirbjuggu kynningu á ferð til Bretlands sem ætluð var nemendum
- 9. mars: Nemendur í textíl sýna í Aurum, Bankastræti á Hönnunarmars
- 10. mars: Nemendur í keramíki sýna í Kokku, Laugavegi á Hönnunarmars
- 19. – 29. mars: Páskafri
- 9. apríl: Sýning fyrra árs nema í sjónlistadeild í Gallerí Tukti Nemendur sjónlistadeildar tóku jafnframt þátt í sýn-

ingu í Nýló í tengslum við áfanga í hugmyndavinnu þar sem kennararnir Sigurður Atli Sigurðsson og Leifur Ýmir Eyjólfsson eigendur Hreyfiprentstofunnar

21. apríl, Sumardagurinn fyrsti: Opið hús. Sýning á verkefnum nemenda á námskeiðum. Nemendur sjónlistadeildar bókðu vöflur. List án landamæra – sýning listamanna í vinnustofu listnámsdeildar í andyri skólans. Barnadeild var einnig með sýningu á Barnamenningarhátíð í Reykjavík í útstillingarglugga Rauðakrossbúðarinnar á Hlemmi undir yfirskriftinni Heima hér og þar, þú ert ég, ég er þú

21. apríl: Listasmiðja skólans á Barnamenningarhátíð  
22. – 23. apríl: Námskeið í sjónlýsingum á kvikmyndum. Síðasti hluti verkefnisins Ísland og Pólland gegn útilokun frá menningu sem skipulagt var af menningarmiðstöð í Worclaw

23. apríl: Listasmiðja skólans á Barnamenningarhátíð  
12. – 17. maí: Vorsýning skólans í húsnæði skólans  
26. maí: Útskrift úr sjónlistadeild í Víkinni við Grandagarð  
26. maí: Inntökupróf í sjónlistadeild. Prófið var styttra en áður, frá 8:40-12:30 en umsækjendur skiluðu einnig heimaverkefni. Sjúkrpróf var haldið 31. maí  
27. maí: Útskrift úr keramíki, teikningu og textíl á útskriftarhátíð Tækniskólans í Hörpu

1. júlí - 4. ágúst: Lokað vegna sumarleyfa

19. ágúst: Skólasetning

22. Ágúst: Fyrsti kennsludagur

29. september: Skólafundur var haldinn í fyrsta sinn en hann ber að halda skv. aðalnámskrá framhaldsskólans. Nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skól-

proskahömlun sáu um sviðið á off venue pönktónleikum í samstarfi við Iceland Airwaves og List án landamæra  
10. nóvember: Opið hús í dagskóla. Nemendum grunn- og framhaldsskóla boðið til kynningar á námsframboði í dagskóla

2. desember: Myndlistaskólinn hlaut Múrbrjótinn, viðurkenningu Landsamtakanna Proskahjálpar 2016 fyrir tveggja ára nám í myndlist fyrir nemendur með proskahömlun

9. desember: Alþýðusamband Íslands gaf skólanum 9 spjaldtölvur

16. desember: Allir nemendur komnir í jólafrí. Jólaboð Félags Myndlistaskólans

23. desember: Fyrsti dagur starfsfólks skrifstofu skólans í jólafrí

### YFIRTAKA SYSTRAAKADEMÍUNNAR

Systraakademían er norrænt verkefni sem hleypt var af stokkunum árið 2014 af gjörningahópnum Sisters Hope. Samkvæmt yfirlýsingu hópsins á verkefnið rætur sínar í gjörningalist, listransóknum, kennslufræði og aktívisma og er markmiðið að skapa og búa til jarðveg fyrir nýtt menntakerfi sem tekur í ríkari mæli mið af skynjuninni og hinu ljóðræna.

Dagana 25. – 28. október yfirtók hópurinn Myndlistaskólann. Meðlimir hópsins höfðu þá hreiðrað um sig í skólanum þar sem þau sváfu og mötuðust og hver og einn vann störf sem hæfðu sínum skáldaða karakter. Nemendur og starfsfólk þurftu að gangast undir ýmsar reglur, s.s. að nota ekki tölvur eða snjalltæki, þegja og



Nýstúdentar ásamt deildarstjóra og skólastjóra á útskrift skólans 26. maí 2016

Úr gjörningi Systraakademíunnar í Myndlistaskólanum í október 2016



ans bauðst að tjá sig um hvaðeina sem á þeim brennur. Lagt var upp með spurningarnar: Hvernig líður mér í skólanum? Hvaða væntingar geri ég til námsins?

30. september: Diplómanemendur með þroskahömlun sýndu 4 stuttmyndir á dagskrá RIFF í Norræna húsinu í samstarfi við List án landamæra og NOA - Nordic Outsider Art.

20. – 24. október: Vetrarfrí

25. – 28. október: Norræni gjörningahópurinn Sisters Hope opnaði Systraakademíuna í Myndlistaskólanum

27. október: Opið hús hjá Systraakademíunni

6. nóvember: Nemendur í diplómanámi fyrir fólk með

skólinn skyldi vera vörumerkjalaust svæði. Hver dagur hófst með þögulli samverustund þar sem karakterarnir stýrðu hóp gjörningi og viðburðinum lauk með stórum gjörningi sem endaði fyrir utan hús. Hópurinn hefur unnið svipaða gjörninga í skólum víða um Norðurlöndin. Markmiðið er að fá fólk til að beina sjónum í auknum mæli að skynjun, verund og samveru, í þessu tilviki samveru nemenda við kennara og annað starfsfólk.

Fimmtudaginn 27. október hélt Akademían opið hús og bauð gestum og gangandi að sjá hvað gerist þegar gjörningahópur yfirtekur listaskóla á framhaldsskólastigi.



## BÓKASAFN

Enn stækkaði bókakostur safnsins. Í árslok 2016 voru 6.628 bindiskráð í Gegni og namfjölgunin um 420 bindum frá árinu áður. Nýskráningar voru 450 en afskráðar bækur voru 63. Tímaritsheftum fjölgaði um 132 og eru tengd tímarit nú 504. Týndar bækur í árslok voru 22. Langflestar nýjar bækur voru pantaðar að utan en safninu barst sem fyrr margar, góðar gjafir frá velunnurum skólans. Skráð útlán í Gegni voru 1625, sem er 15% aukning frá árinu 2015. Mest var aukningin meðal nemenda, eða ríflega 25%. Útlán til þeirra voru 557 eða fjórar og hálf bók að meðaltali á nemanda sem verður að teljast nokkuð gott.

Mest lánuðu bækurnar eru um teikningu, einkum anatómíu, en vinsælustu listamennirnir voru Degas, Georg Guðni og Caravaggio.

Sex sýningar voru haldnar á Gallerí Vegg á árinu, eins og sjá má á heimasíðu skólans. Listamenn buðu starfsfólki upp á bollaspjall á safninu, þar sem þeir fjölluðu um verkin á sýningunum. Starfsfólki til mikillar ánægju brá þó einn listamannanna, Kristín Gunnlaugsdóttir, út af venjuni og bauð starfsfólki heim á vinnustofu sína. Þar fjallaði hún ekki aðeins um verkin á Gallerí Vegg heldur sýndi einnig verk í vinnslu og sagði frá komandi sýningum.

## NÁMSRÁÐGJÖF

Nemendum Myndlistaskólans í Reykjavík og öðrum sem áhuga hafa fyrir námi við skólann stendur til boða að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa sem starfar við skólann. Anna Sigurðardóttir er í 20 % starfshlutfalli og hefur fastan viðtalstíma sem ákveðinn er í samráði við stjórnendur skólans. Á vormánuðum var fastur viðtalstími eftir hádegi á þriðjudögum en á miðvikudagsmorgnum á haustmánuðum. Einnig er mögulegt að bóka viðtal á öðrum tímum. Áhersla er lögð á heildræna nálgun þar sem nemendum er gefið tækifæri til að ræða hvað sem er með það að markmiði að ná árangri í því sem þeir eru að gera. Góð samvinna er á milli náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi og tekur Anna þátt í því samstarfi.

Á vorönn sóttu nemendur úr öllum deildum skólans viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Á vorönn fara enn fremur fram skólakynningar af ýmsu tagi. Myndlistaskólinn tekur þátt í almennum kynningum eins og aðrir framhaldsskólar og tekur jafnframt á móti hópum sem vilja kynna sér nám við skólann.

Allir nýnemar á listnámsbraut sjónlistadeildar eru boðaðir í viðtal á haustönn þar sem þjónusta náms- og starfsráðgjafa er kynnt. Nemendur deildarinnar, sem

og allir aðrir nemendur dagskóla, eru hvattir til að nýta sér þjónustuna í sína þágu á meðan á námi stendur. Námsráðgjafi heldur fyrirlestra um mál sem tengjast námi nemenda t.d. tímaskípulag, frestun og námstækni. Fyrirlestrar eru haldnir í samráði við deildastjóra og á árinu 2016 voru slíkir fyrirlestrar haldnir í textil- og sjónlistadeild.

## ERASMUS+

### Menntaáætlun Evrópusambandsins

Á Erasmus+ styrk í námi og þjálfun á leik- grunn- og framhaldsskólastigi fóru Elsa Dóróthea Gísladóttir og Sigurlína Osuala til Danmerkur til að kynna sér samstarf listaskóla/menningarhúsa/myndlistamanna og –kennara og leik- og grunnskóla. Markmiðið var að kortleggja umgjörð og framkvæmd ólíkra samstarfsverkefna með það að leiðarljósi að þróa og bæta samstarfsverkefni Myndlistaskólans með leik og grunnskólum, bæta mat á árangri þeirra og átta sig á frekari samstarfsleiðum.

Deildarstjóri keramikdeildar fór ásamt tveimur kennurum deildarinnar á starfsmenntunarstyrk til Danmerkur. Þar heimsóttu þeir keramikverksmiðjuna, Den danske keramikfabrik í Nexø í Borgundarhólmi. Markmiðið var að skoða verksmiðjuna og kynnast hugmyndafræði hennar, uppbyggingu og hvernig hún er rekin. Samstarf verksmiðjunnar við hönnunarskóla Konunglegu dönsku listaakademiunnar í Nexø var einnig skoðað sem samstarf við nærsamfélagið. Hönnunarskólinn var heimsóttur og útskriftarsýning keramiknemenda skoðuð. Fundað var um áframhaldandi samstarf keramikdeilda skólanna

Nýútskrifaður nemandi úr keramikdeild hóf í ágúst 2016 tíu mánaða starfsnám hjá keramikverkstæði Christian Bruun í Kaupmannahöfn. Markmiðið er að nemandinn kynnist rekstri keramikverkstæðis og taki þátt í öllu vinnuferlinu sem þar fer fram. Nemandinn hefur jafnframt tækifæri til að starfa að eigin verkefnum 1-2 daga í viku og tekur m.a. þátt í viðarbrennslum og mörkuðum sem verkstæðið tekur þátt í. Eigandinn, Christian Bruun, hefur áhuga á að styrkja samstarf sitt við keramikdeild Myndlistaskólans í Reykjavík.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir, kennari við teiknideild skólans fór sem gestakennari til the Caithness Horizons Museum í Skotlandi. Þar hélt hún nokkur námskeið á Víkingahátíð safnsins þar sem hún kenndi nemendum að teikna myndasögur sem voru síðan yfirfærðar á refil. Eitt af markmiðum námskeiðsins var að kenna nemendum hvernig sterkar kvenpersónur eru settar fram í frásögn eins og gert er í Íslendingasögunum.



## BARNA- OG UNGLINGADEILD


### NÁMSKEIÐ FYRIR 4-16 ÁRA

Boðið var upp á sömu námskeið á vorönn 2016 og á haustönn 2015, þar sem námskeiðin eru byggð upp sem heilsvetrarnámskeið þó að nemendur geti skráð sig í eina önn ef þeir kjósa. Til viðbótar við námskeiðin á haustönn var bætt við einu 6-9 ára námskeiði og einu námskeiði fyrir 13-16 ára, teikningin tekin lengra. Góð skráning var á leirnámskeið hjá börnum á aldrinum 11-12 ára og því var aldursbreyting gerð á námskeiðinu 13-16 ára leirmótun og rennsla í 11-14 ára og fór námskeiðið af stað en það hafði verið felld niður á árinu 2015 vegna ónógru þátttöku. Einnig var boðið upp á 6 vikna námskeið fyrir

námskeið voru felld niður vegna þess að ekki náðst næg þátttaka, annars vegar þrjú námskeið fyrir 13-16 ára; leir og gifs-mótun, kvikmyndagerð og svart/hvít ljósmyndun og hins vegar 6-9 ára listsköpun á listasafni. Samtals voru námskeið deildarinnar 31 en af þeim voru tvö í útibúi skólans í Miðbergi líkt og árin á undan.

Á haustönn 2016 fóru af stað 27 heilsvetrarnámskeið. Sem fyrr var boðið upp á almennari myndlistarnámskeið í yngri aldurshópunum tveimur en sérhæfðari námskeið fyrir 8-16 ára börn og unglinga, s.s. í leirmótun og skúlptúr, videó- og hreyfimyndagerð, myndasögum, teikningu, málun, grafík og fleiru. Biðlistar voru á leirnámskeiðin og því var bætt við auka námskeiði í 8-11 ára leirrennsla og mótun. Námskeið í leir og gifs-mótagerð fyrir 13-16 ára fór aftur af stað eftir nokkurt hlé. Ekki náðist næg þátttaka á námskeiðin 4-6 ára börn og foreldrar, námskeið í myndlist fyrir 6-9 ára/10-12 ára sem kenna átti

	Fjöldi námskeiða vorönn 2016	Fjöldi nemenda vor 2016	Fjöldi námskeiða haustönn 2016	Fjöldi nemenda haust 2016
4-5 ára	7	45	4	23
6-9 ára	12	91	10	73
8-11 ára	1	9	2	13
8-12 ára	1	7	1	9
10-12 ára	5	41	5	37
13-16 ára	5	46	5	40
Samtals	31	239	27	195



4-6 ára börn og foreldra þeirra. Námskeiðið tókst mjög vel og því var boðið upp á annað 6 vikna námskeið í framhaldi af þessu sem tókst einnig mjög vel. Fjögur

á frönsku og þrjú námskeið fyrir 13-16 ára; málun og blönduð tækni, „Youtube“ hræivélin (kvikmyndagerð) og svart/hvít ljósmyndun og voru þau því felld niður.

Boðið var upp á tvö námskeið í útibúi skólans í Miðbergi. Skráning á námskeiðin gekk illa og því var fyrsta kennsludegi seinkað og námskeiðin stytt úr 13 vikum í 10 vikur. Það er í samræmi við upplýsingar frá fjármálaþjónustu ÍTR um að nýting á frístundastyrk sé minnst í efra Breiðholti af öllum hverfum borgarinnar.

Fyrsti kennsludagur á vorönn var laugardagur 16. janúar og síðasti fimmtudagur 12. maí. Vetrarfrí fylgdi grunnskólum Reykjavíkur og var 25.-28 febrúar og páskafri 19.-29. mars. Haustönn hófst fimmtudaginn 8.



september og lauk mánudaginn 12. desember. Hausti-  
frí fylgdi grunnskólum Reykjavíkur og var 20.-24.  
október og jólafrí 13. desember - 8. janúar 2017.

Kennarar við barna- og unglingsdeild á vetrarnám-  
skeiðum árið 2016 voru: Anna Hallin, Baldur Björns-  
son, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Björk Viggósdóttir,  
Dagmar Atladóttir, Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðbjörg  
Björnsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Rúnars-  
dóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera  
Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Helga Óskars-  
dóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgríms-  
dóttir, Karlotta Blöndal, Kristín Reynisdóttir, Mar-  
grét H. Blöndal, Margrét M. Norðdahl, María Sjöfn  
Dupuis Davíðsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Rósa  
Gísladóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Þórey Mjallhvít  
H. Ómarsdóttir og Þuríður Ósk Smáradóttir.

### SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Samstarf sem hófst haustið 2015 við leikskólana  
Rofaborg, Stakkaborg og Sunnuás hélt áfram vorið  
2016. Börnin heimsóttu Myndlistaskólann sem fyrr í 7  
barna hópum með kennurum sínum og kom hver hópur  
í 6 skipti samtals. Á vorönn 2016 komu tveir hópar  
frá hverjum leikskóla. 28 börn taka þátt frá hverjum  
leikskóla yfir allt skólaárið eða samtals 84 börn.

	Fjöldi leikskólabarna á vorönn 2016
Rofaborg	12
Stakkaborg	15
Sunnuás	12
Samtals	39

25. og 26. febrúar voru haldnir endurmenntunardagar  
fyrir starfsfólk leikskólanna Stakkaborgar og Sunnu-  
ás. Fjöldi þátttakenda frá Stakkaborg voru 19 en 33  
frá Sunnuási. Elsa Dórothea Gísladóttir, Guðrún Vera  
Hjartardóttir og Guðný Rúnarsdóttir sáu um kennsluna  
á námskeiðinu og í leikskólasamstarfinu. Sem fyrr var  
mikil ánægja með samstarfið, eins og svör við kennslu-

mati á endurmenntunarnámskeiðum sýna glögglega.  
Ennfremur sótti starfsfólk leikskólans Gullborg endur-  
menntunardag í Myndlistaskólanum á vorönn. Áhersla  
var á að starfsmenn öðluðust öryggi í að vinna með  
myndlist innan leikskólans og að vinna stór myndlista-  
verk með börnunum og að nota óhefðbundinn efnivið.  
Alls tóku 22 starfsmenn þátt og kennarar voru Guðrún  
Vera Hjartardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir.

Leikskólasamstarfið er hluti af samstarfssamningi  
skólans við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

### SAMSTARF VIÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLA – EVRÓPSK MENNINGARBÖRN

Barnaeildin tekur þátt í verkefninu Evrópsk men-  
ningarbörn (Cultural Children of Europe). Stjórnandi  
verkefnisins er Kulturprinsen í Danmörku. Þátttakend-  
ur eru sveitarfélög, skólar og stofnanir í Danmörku,  
Svíþjóð, Noregi, Lettlandi og á Íslandi. Myndlista-  
skólinn sem leiðir verkefnið hér á landi vinnur með  
Melaskóla og leikskólunum Hagaborg og Sæborg en  
Tónlistaskólinn Tóney og leikskólinn Reynisholt starfa  
saman. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar  
tekur einnig þátt í verkefninu sem er hluti af sam-  
starfssamningi barnaeildar við skóla- og frístunda-  
svið. Að auki veitti Sprotasjóður styrk til verkefnisins.

Aðalmarkmið verkefnisins er að stuðla að því að  
menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna  
en verkefnið miðast við börn frá fæðingu að 8 ára aldri.  
Aðferðir starfendanáms (Action Learning) eru notaðar til  
að greina og meta kennsluna og svara rannsóknaspurn-  
ingum. Verkefnið er þverfaglegt og er skoðað m.a. hvað  
gerist þegar leik- eða grunnskólakennara og myndlistar-  
eða tónlistarmanni er stefnt saman til að miðla þekkingu  
sinni saman til barnanna. Barnið er í aðalhlutverki og er  
sjónum beint að því hvaða áhrif námið hefur á barnið  
og hver virkni/þátttaka barnsins er í náminu. Sam-  
hliða þessum markmiðum er tekið mið af Barnasátt-  
mála SP, s.s. í tengslum við lýðræði í skólastofunni.

Þáttur Myndlistaskólans í verkefninu var unninn í  
nóvember og desember með verkefninu Kærleiksveran.

Þátttakendur voru börn af elstu deildum Sæborgar  
og Hagaborgar og yngstu nemendur Melaskóla og var



þannig um leið mynduð tengslabré á milli þessara skóla. Hver nemendahópur hittist fimm sinnum á meðan á verkefninu stóð og vann undir handleiðslu myndlistamanna frá Myndlistaskólanum. Áhersla var lögð á upplifun og sköpun í gegnum öll skynfæri. Á meðal þess sem nemendur sköpuðu voru svokallaðar kærleiksverur sem búa í fagurskreyttum húsakynnum sem einnig eru hljóðfæri. Í lok vinnunnar var foreldrum boðið í heimsókn í Mela-skóla til að sjá afrakstur sköpunarferlisins þar voru m.a. leikin tónverk á hljóðfærin sem nemendur höfðu búið til.

Myndlistarmennirnir og kennararnir **Elsa Dóróthea Gísladóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir** höfðu umsjón með verkefninu Kærleiksveran en enn fremur tóku þátt fjöldi kennara og stuðningfulltrúa frá samstarfsskólunum.

Á árinu voru haldnar tvær ráðstefnur í Danmörku í tengslum við verkefnið, annars vegar „Kick off „ ráðstefna í janúar og í nóvember hittust fulltrúar þátttökuskóla og -stofnana og fóru yfir stöðu verkefnisins og kynntu verkefni sem unnin höfðu verið á árinu og niðurstöður þeirra. Skólastjóri Myndlistaskólans og deildarstjóri barnadeildar tóku þátt í báðum ráðstefnunum. Ráðstefnurnar voru kostaðar með styrkjum á vegum Kulturprinsen.

## NEMENDASÝNINGAR OG AÐRIR VIÐBURÐIR

### Nemendasýning á opnu húsi

Á Sumardaginn fyrsta var opið hús í Myndlistaskólanum milli kl.13:00-17:00 þar sem tæplega 500 nemend-

sóttu börn af erlendum uppruna 6-9 ára börn á námskeiðum skólans og sögðu frá viðburði úr ævi sinni. Nemendurnir unnu síðan myndverk út frá frásögninni sem voru sett upp í glugga Rauðakrossbúðarinnar við Hlemm auk þess að vera sýnd á Sumardaginn fyrsta á opnu húsi skólans. Gestir verkefnisins voru:

Akalaya Nanda, 15 ára frá Sri Lanka, Rán, 11 ára frá Suður Kóreu, Annija Keita Mezeniece, 11 ára frá Lettlandi, Julia Newel, 11 ára frá Póllandi og Djellza Krasniqi, 10 ára frá Kosovó.

Til viðbótar við listasmiðjuna á opna húsinu var boðið upp á smiðju í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir börn á aldrinum 6-11 ára. Viðfangsefni þeirrar smiðju var kjarnaminning en öll eigum við dýrmætar minningar um það sem við höfum upplifað. Kjarnaminningar frá öllum þátttakendum voru tengdar saman og úr varð sameiginleg saga sem var bæði raunveruleg og skálduð. Umsjón með smiðjunni á opnu húsi höfðu **Björk Viggósdóttir og Guðný Rúnarsdóttir en Margrét Norðdahl og Ragnheiður Gestsdóttir** sáu um smiðjuna í Ráðhúsinu. Verkefnið var unnið með styrk frá Barnamenningarhátíð.

## ÖNNUR VERKEFNI

### Erasmus+ verkefni

Barna- og unglingadeildin fékk Erasmus+ styrk vorið 2013 til verkefnisins Endurmenntun fyrir deildarstjóra og kennara við barna- og unglingadeild - Þróun samstarfs Myndlistaskólans við leik- og grunnskóla. Fyrri hluti verkefnisins fór fram á haustönn 2015 en seinni hlutinn á vorönn 2016. Deildarstjóri, **Sigurlína Osuala**



ur á aldrinum 4-85 ára sýndu brot af afrakstri vetrarins, bæði nemendur úr barna- og unglingadeild og fullorðnir nemendur námskeiðaskóla. Í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík var boðið upp á listasmiðjur fyrir 6-12 ára börn og fylgdarmenn þeirra og verkefnið Heima hér og þar, þú ert ég, ég er þú, framlag barnadeildar til hátíðarinnar var sýnt. Opna húsið var að vanda fjölsótt og bókðu nemendur á listnámsbraut skólans dýrindis vöfflur og helltu upp á kaffi fyrir sýningargesti.

### Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar

Í verkefninu *Heima hér og þar, þú ert ég, ég er þú heim-*

og **Elsa Dóróthea Gísladóttir** kennari við barnadeild fóru í fimm daga endurmenntunarferð til Danmerkur til að kynna sér umgjörð og framkvæmd ólíkra samstarfsverkefna milli listaskóla/menningarhúsa/myndlistarmanna og -kennara og almennra leik- og grunnskóla með það að leiðarljósi að þróa og bæta þau verkefni sem Myndlistaskólinn vinnur með leik- og grunnskólum, bæta mat á árangri þeirra og átta sig á frekari samstarfsleiðum. Þessi vinna hefur bein áhrif á samstarfsverkefni skólans við leik- og grunnskóla hér heima og verður m.a. kynnt sérstaklega fyrir skóla- og frístundasviði Reykjavíkur í tengslum við samningagerð

við borgina í von um að þau nái að vaxa og dafna í framtíðinni. Endurmenntunarferðin gekk vel fyrir sig og var mjög fróðleg. Meðal stofnana sem heimsóttar voru eru Billedskole í Twillinghalle, Lousianasafnið, Hönnunarsafnið, Ríkislistasafn Danmerkur SMK og Arkitektamiðstöðin DAC.

#### Creativity – one language for all/4

Deildin tók þátt í verkefninu Creativity – one language for all/4 sem er styrkt af Nordplus Junior. Fjórir skólar tóku þátt í verkefninu, auk Myndlistaskólans, myndlistaskóli í Tartu, grunnskólinn Peetri í Eistlandi, myndlistaskóli í Silutes í Litháen og myndlistaskólinn Vieksnaiai Deniusas í Litháen.

18.-22. apríl fóru frá Myndlistaskólanum, Guja Dögg Hauksdóttir og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir með námskeið til listaskólans í Saldus í Lettlandi. Saldus skólinn er mjög vel búinn, alhliða listaskóli í nýlegu, sérhönnuðu húsnæði sem grunnskólanemendur sækja eftir að skóladegi lýkur. Um 130 nemendur sækja þar nám í tónlist og myndlist, og stór tónleikasalur er nýttur fyrir sviðslistir og gjörninga, auk tónlistarflutnings, en góð aðstaða til sýningahalds er í opnu rými um alla bygginguna. Auk þess er nánasta umhverfi skólans notað fyrir margvíslega starfsemi nemenda við skólann. Smíðjan sem boðið var upp á af hálfu Myndlistaskólans bar titilinn **Ice-Cream Shop on a Vulcano Slope**, stóð yfir í tvo daga og var ætluð nemendum á aldrinum 11-16 ára. Viðfangsefnið var byggingarlist og náttúra, form

Margréti Norðdahl og tóku þátt í listasmiðjunni **Plain Air í Saldus**. Í listasmiðjunni var áhersla á málun og teikningu, farið var í menningarferð og fleira skemmtilegt var á döfni. Íslensku nemendurnir kynntust einnig nemendum hinna þátttökuskólanna.

#### Papirkontoret

Á árinu fékk barnadeildin heimsókn frá Papirkontoret, dönskum arkitektaskóla fyrir börn sem býður m.a. upp á námskeið í arkitektúr og rými, myndlist, frásagnagerð og myndskreytingu.

Danska borgin Árósar verður menningarborg Evrópu árið 2017 og af því tilefni verður Papirkontoret með listasmiðjur í borginni. Myndlistaskólanum og þremur öðrum erlendum skólum er boðið að taka þátt í því verkefni. Hluti af undirbúningnum er að aðstandendur Papirkontoret heimsækja þátttökuskólana til að kynna starfsemi sína m.a. með því að bjóða upp á smíðjur. Kennurum barnadeildar var boðið á kynningu á Papirkontoret og smíðju þar sem viðfangsefnið var frásagnagerð, form og rými og unnið var með pappír, tré og önnur aðgengileg efni. Smíðjan var lifandi og skemmtileg og gaf góðan innblástur í listrænt starf með börnum.

#### SKAPANDI NÁLGUN OG RANNSÓKN Í EFNI - PRÓUN LISTGREINAKENNSLU Á AUSTURLANDI

Austurbrú, Skaftfell og samtök skapandi fólks á Austurlandi skipulögðu vinnustofu fyrir list- og verkgreinakennara sem fram fór á Skriðuklaustri 5. nóvember.



og rými, skynjun og skilningur. Nemendur unnu saman í litlum hópum og bjuggu til landslag og byggingar með hliðsjón af íslensku eldfjallalandslagi og lettneskri ísmenningu. Smíðjan fór fram á ensku en það þvældist ekkert fyrir áhuga og einbeitingu nemendanna sem skilðu afar skemmtilegum verkefnum sem kynnt voru að lokum fyrir öðrum nemendum í skólanum. Að skilnaði fékk Saldus skólinn birgðir af svörtum íslenskum eldfjallasandi til að nota í smíðjum í framtíðinni.

25. – 30. júlí fóru svo sex 13-16 ára nemendur á námskeiðinu Málun og blönduð tækni ásamt kennara sínum,

Erindi fluttu Guja Dögg Hauksdóttir frá Myndlistaskólanum auk fulltrúa frá LHÍ, Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði og Skaftfelli. Í framhaldi af erindunum voru haldnar smíðjur sem tengdust efni þeirra. Loks voru umræður í þeim tilgangi að móta sameiginlega heildarsýn sem miðar að eflingu listgreinakennslu almennt og styrkingu listnáms á framhaldsskólastigi á austurlandi.

Erindi Guju Daggar fjallaði um á annan tug listbúða sem Myndlistaskólinn hefur þróað og haldið í samstarfi við grunnskóla í Reykjavík á undanförunum árum. Hún sýndi ljósmyndir frá ýmsum listbúðum og spannaði erindið bæði bakgrunn og markmið búð-



anna, kennslufræðilega nálgun og vangaveltur byggðar á reynslu og mati á búðunum. Erindið vakti mikla athygli og spunnust mjög góðar umræður í kjölfarið en ljóst er að á austurlandi er áhugi á að þróa þetta form frekar í skólum. Meðal annars kom upp sú hugmynd að vera með námskeið á vegum Myndlistaskólans fyrir kennara þar eystra, til að koma af stað sambærilegum smiðjum fyrir nemendur á staðnum í kjölfarið.

Önnur erindi og kynningar sýndu ótrúlega grósku og áhuga á viðfangsefninu meðal margvíslegra stofnana og greinilegt að skemmtileg tækifæri til frekari þekkingarmiðlunar og samstarfs eru víða.

### BÖRN OG BYGGINGARLIST

Guja Dögg Hauksdóttir var ráðin tímabundið til að taka saman yfirlit yfir námskeið sem haldin hafa verið á tímabilinu 2000-2015 með áherslu á byggingarlist, þ.e. þrívítt form og rými, byggingarefni, skipulag, birtuvarp o.fl. Verkefni spanna vítt róf frá örsmiðjum á almennum barnánámskeiðum, styttri smiðjum til vikulangra listbúða og sumarnámskeiða. Mörg verkefnanna hafa verið starfrækt í samtarfi við grunnskóla, menningarstofnanir og listasöfn, en einnig við erlenda myndlista- og byggingarlistaskóla fyrir börn og ungt fólk. Málþing um kennslu í sjónlistum fyrir börn og unglinga var haldið, þar sem kennarar við Arkki skólann í Helsinki sem býður upp á nám í arkitektúr fyrir börn og ungt fólk kynntu starfið í skólanum. Ennfremur kynntu kennarar við barnadeild Myndlistaskólans valin verkefni fyrir fullum sal gesta. Yfirlitið yfir verkefni verður sett inn á vef skólans, og bætist þar við verkefnabanka sem áður hafa verið unnir svo sem Kveikjuna og Dyndilyndi.

### SUMARNÁMSKEIÐ

Sumarið 2016 bauð Myndlistaskólinn upp á fjölda spennandi námskeiða fyrir börn á aldrinum 4-16 ára sem kennarar við deildina höfðu sett saman. Fyrir 4-6 ára var boðið upp á námskeiðið Skapandi ferðalag. Fyrir 6-9 ára voru haldin námskeiðin Pappír-lím-skæri, Hulduverur um allan heim og geim, Ímyndaðir heimar og jóga, Smáheimur fjörunnar, Flugdrekasmiðja, Furðuverur, slettur og frumverur, Byggingalist og hönnun, Myndlist-spjaldtölva og Skapandi ferðalag. Fyrir 8-11

ára var haldið leirnámskeiðið Vösumst í vösum. Fyrir 10-12 ára voru haldin námskeiðin Ljós og skuggi, Myndlist-Vídeó-Ljómyndun, Hugmyndahönnun, Pappírskæri-lím, Myndlist-spjaldtölvur og Flugdrekasmiðja og fyrir 13-16 ára námskeiðið Teikning.

Alls voru haldin 23 sumarnámskeið og sóttu þau samtals 184 nemendur. Námskeiðin voru haldin vikurnar 13.-16. júní, 20.-24. júní, 8.-12. ágúst og 15.-19. ágúst og voru ýmist 4, 5 eða 10 dagar að lengd, kennd fyrir eða eftir hádegi í 3 klukkutíma í senn.

	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
4-6 ára	1	6
6-9 ára	15	114
8-11 ára	1	9
10-12 ára	5	43
13-16 ára	1	12
Samtals	23	184

Kennarar á sumarnámskeiðum voru Arite Fricke, Björk Viggósdóttir Brynhildur Þorgeirsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Hildigunnur Þirgisdóttir, Karlotta Blöndal, Margrét M. Norðdahl, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir og Ragnheiður Gestsdóttir



## ALMENN NÁMSKEIÐ

### NÁMSKEIÐ Á VORÖNN

Á vorönn voru haldin 29 námskeið á framhaldsskólastigi fyrir almenning. Flest voru kennd á kvöldin en nokkur þó á morgnana. Tvö námskeið voru kennd í hádeginu, málun – vinnustofa og vatnslitun – náttúrumyndin en alls voru haldin 3 námskeið í vatnslitumálun. Auk þessara hádegisnámskeiða voru að vanda haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning - framhald, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla, Form, rými og hönnun, málun 1 og 2, málun – framhald og litaskynjun. Þá var í fyrsta sinn boðið upp á framhaldsnámskeið í litaskynjun - Ljósbrott: Birting lita og forma þar sem áhersla

Vor 2106	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Teikning	11	110
Málun	6	35
Vatnslitun	3	31
Litaskynjun	2	15
Keramík	5	50
Form, rými	1	12
Ljósmyndun	1	10
Samtals	29	263

var lögð á chiaroscuro eða vörpun ljóss og samspil ljóss og skugga. Einnig var boðið upp á framhaldsnámskeið í portretti í fyrsta sinn og var þá portrettmótun bætt við. Önnur ný námskeið voru: Málun: Úmbra og Indigo, Ljósmyndun á filmu og Skopmyndir og myndasögugerð. Kennsla hófst á fimmtudaginn 14. janúar og síðasti kennsludagur var mánudagur 9. maí.

Kennarar á vorönn voru: Anna Hallin, Anna Cynthia Leplar, Eygló Harðardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Halldór Baldursson, Hugleikur Dagsson, Jón B. K. Ransu, Karlotta Blöndal, Kristín R. Gunnarsdóttir, Kristín Hauksdóttir, Margrét H. Blöndal, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Sigríður Melrós Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Valgarður Gunnarsson, Þorri Hringsson, Þóra Sigurðardóttir og Þuríður Ósk Smáradóttir.

### NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN

Á haustönn fóru af stað 23 almenn námskeið á framhaldsskólastigi, morgun-, hádegis- og kvöldtímar. Að vanda voru haldin námskeiðin teikning 1 og 2, módelteikning og módelteikning - framhald, teikning og portrett, ljósmyndun, málun 1, málun - framhald, frjáls málun, vatnslitun, leirkerarennsla, leirmótun og rennsla og litaskynjun. Öll keramiknámskeið voru fullbókuð líkt og undanfarin ár. Hugmyndavinnunámskeiðið Gróðurhús hugmyndanna var kennt aftur en þar fóru Erling Klingenberg,

Lóa Hjálmtýsdóttir og Hildur Steinþórsdóttir með nemendum í hugmynda- og skissuvinnu frá ólíkum hliðum. Fyrsti kennsludagur haustannar var miðvikudagurinn 7. september og sá síðasti fimmtudagurinn 15. desember.

Haust 2016	Fjöldi námskeiða	Fjöldi nemenda
Teikning	8	87
Málun	3	24
Vatnslitun	3	27
Keramík	6	60
Gróðurhús hugmyndanna	1	13
Litaskynjun	1	11
Ljósmyndun	1	10
Samtals	23	232

Kennarar á haustönn voru: Anna C. Leplar, Erling Klingenberg, Eygló Harðardóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hildur Steinþórsdóttir, Karlotta Blöndal, Kristín Hauksdóttir, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Linda Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Valgarður Gunnarsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Þorri Hringsson og Þuríður Ósk Smáradóttir.

### NÁMSKEIÐAPRENNNA


Skólinn býður upp á námskeiðapakka í kvöldskóla fyrir fólk sem hefur hug á að fara í framhaldsnám í myndlist, hönnun, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum en hefur ekki tækni á að sækja undirbúningsnám í dagskóla. Í pakkanum eru tekin þrjú námskeið á hvorri önn:

Teikning 1  
Litaskynjun  
Gróðurhús hugmyndanna  
Teikning 2  
Módelteikning  
Form rými hönnun

Þeir sem sækja þessi þrjú námskeið á hvorri önn fá 30% afslátt af námskeiðsgjöldum og í kaupbæti er boðið upp á fyrirlestur um ljósmyndun tví- og þrívíðra verka og viðtal um möppu..

# STARFSFÓLK 2016

Rekstrarsvið:	2016	
Skólastjóri	100%	Áslaug Thorlacius
Bókasafn	60%	Ragnhildur Blöndal
Bókhald og fjármál	100%	Björg Elín Pálsdóttir
Skrifstofa	257%	Hafdís Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir Halldóra Ingimarsdóttir - Margrét Birgisdóttir
Erasmus	30%	Sigurlína M Osula
Námsráðgjöf	20%	Anna Sigurðardóttir
Ræstingar	119%	Krzysztof Kisielewski - Wiesława Kisielewska
Umsjónarmaður húss og tækja	92%	Sigurjón Gunnarsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	39%	Jón B K Ransu - Margrét Norðdahl - Anna C Leplar
Barnadeild - deildarstjórn	70%	Sigurlína M Osuala
Sjónlistadeild - deildarstjórn	75%	Einar Garibaldi Eiríksson
Keramikleild - deildarstjórn & umsjón	95%	Ólöf Erla Bjarnadóttir - Gunnhildur Helgadóttir - Þuríður Ósk Smáradóttir
Teikning - deildarstjórn	50%	Anna Cynthia Leplar
Textill - deildarstjórn	52%	Arnþrúður Ösp Karlsdóttir - Ragna Fróðadóttir
Málun - deildarstjórn	34%	Jón B K Ransu
<b>Rekstrarsvið samtals</b>	<b>1172%</b>	
<i>Fjöldi fastra starfsmanna</i>	20	
<b>Launþegar alls</b>	54	
<b>Verktakar alls</b>	136	
<b>Samtals launþegar og verktakar</b>	<b>190</b>	



## SJÓNLISTADEILD

Deildarstjóri: Einar Garibaldi Eiríksson

